

49. fundur stjórnar Héraðsskjalasafns Kópavogs, haldinn að Hamraborg 1, 31. mars 2008 kl. 16:00 að Hamraborg 1.

Dagskrá: 1. Starfsmannamál. Skjalavörður og ljósmyndari lætur af störfum. 2. Ársrit, framvinda og staða. 3. Kópavogsdagar í maí, sýning í tilefni af 60 ára afmæli Kópavogshrepps. 4. Önnur mál.

Mættir: Hilmar Björgvinsson formaður, Hjörtur Pálsson og Bjarni Ólafsson. Hrafn Sveinbjarnarson héraðsskjalavörður sat fundinn.

1. Starfsmannamál. Kristín Þorgeirsdóttir hefur sent uppsagnarbréf frá 15. apríl. Starf skjalavarðar var auglýst 16. mars sl. og hafa nú borist sjö umsóknir. Héraðsskjalavörður hefur talað við Lindu Udengård, deildarstjóra menningarmála Kópavogsbæjar, og hún leggur til að úr þessum hópi verði valið fólk í viðtal. Ákveðið var að fela héraðsskjalaverði að ræða við fólkíð ásamt Lindu og velja úr álitlegustu umsækjendur til nánari skoðunar. Lögð var áhersla á að flyta ráðningarferli því að nú er héraðsskjalavörður einn á safninu.

2. Ársrit, framvinda og staða. Héraðsskjalavörður sýndi stjórn drög að ársriti. Eins og áður var rætt er stefnt að því að koma ritinu út fyrir Kópavogsdaga í maí en ekki stendur rétt vel á þar sem héraðsskjalavörður en nú einn í starfi eins og hefur komið fram. Verið getur að kostnaður verði heldur meiri en ætlað var vegna dýrtíðar. Stjórn telur sjálfsagt að bilið verði þá brúað með fé af framlagi Þjóðskjalasafns.

3. Kópavogsdagar í maí, sýning í tilefni af 60 ára afmæli Kópavogshrepps. Rætt var um að halda sýningu á vegum Héraðsskjalasafnsins en hugmyndir hafa komið um það á fundum á vegum menningarstofnana bæjarins sem Linda Udengård, deildarstjóri menningarmála, heldur einu sinni í mánuði. Ákveðið var að halda áfram með þessa hugmynd og var héraðsskjalaverði falið að kanna um húsnæði og grundvöll slíkrar sýningar yfirleitt.

4. Önnur mál. a) Sigurrós Þorgrímsdóttir hafði samband við héraðsskjalavörð og sagði stjórn Breiðabliks hafa áhuga á að koma skjölum félagsins í trausta geymslu. b) Sesselja Hauksdóttir af fræðsluviði hafði samband við safnið vegna skjalavörslu hjá leikskólum bæjarins.

Fleira ekki rætt, fundi slitið kl. 17.30
Fundarritari Bjarni Ólafsson